

Tillaga til þingsályktunar

um heimavist fyrir Fjölbautaskóla Suðurlands.

Flm.: Ingveldur Anna Sigurðardóttir, Jens Garðar Helgason, Vilhjálmur Árnason,
Sigurður Ingi Jóhannsson, Halla Hrund Logadóttir.

Alþingi ályktar að fela mennta- og barnamálaráðherra að stofna heimavist við Fjölbautaskóla Suðurlands. Heimavistin verði notuð sem búsetuúrræði fyrir framhaldsskólanema á veturna og sem gistiaðstaða fyrir ferðamenn á sumrin. Verkefnið verði samstarfsverkefni opinberra aðila og einkaaðila (e. public-private partnership). Gerður verði langtímaleigu-samningur um notkun heimavistarinnar á veturna með það að markmiði að flýta fyrir uppbyggingu varanlegrar aðstöðu. Stefnt verði að því að undirbúningi framkvæmda ljúki árið 2025 og framkvæmdir hefjist í beinu framhaldi.

Greinargerð.

Heimavist fyrir nemendur Fjölbautaskóla Suðurlands hefur verið á hrakhólum undanfarin ár. Árið 2016 rann út leigusamningur um heimavist sem lengi hafði verið starfrækt á Eyra-vegi 26 á Selfossi. Frá árinu 2020 hafa nemendur dvalið á gistiheimilinu Selfoss Hostel í húsnæði með ferðamönnum og um tíma farandverkamönnum. Þótt gripið hafi verið til aðgerða til að bregðast við gagnrýni á núverandi fyrirkomulag er ljóst að stofna þarf til varanlegrar heimavistar sem þjónar betur þörfum nemenda sem þar búa. Aðgengi að öruggri og aðlaðandi heimavist skiptir sköpum fyrir nemendur sem koma úr dreifsbýli. Að deila húsnæði með ferðamönnum skapar lakar aðstæður til náms og í daglegu lífi. Skortur á næði og óstöðugt umhverfi hefur áhrif á vellíðan og námsárangur.

Með því að þráða heimavistina sem samstarfsverkefni opinberra aðila og einkaaðila skapast grundvöllur fyrir hagkvæma og fjölbreytta nýtingu húsnæðisins allt árið um kring. Slík lausn getur jafnframt flýtt fyrir uppbyggingu og tryggt að ungt fólk geti stundað nám óháð búsetu. Æskilegt kann að vera að uppbygging og rekstur heimavistarinnar verði alfarið í höndum einkaaðila en samningur gerður við hið opinbera um afnot á veturna.